



Reykjavík, 25. júní 2020

R20030066

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Ártúnshöfði - austurhluti - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 25. júní 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. júní 2020, sbr. samþykkt skipulags og samgönguráðs frá 10. júní 2020 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - eystri vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi, ásamt fylgiskjolum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti borgarráðs mun halda áfram að leggja áherslu á skaðaminnkandi nálgun og hugmyndafræði um „húsnæði fyrst” í þjónustu við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Öll vinna í málefnum heimilislausra þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu þar sem sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins og umburðarlyndi eru í fyrirrúmi og það umburðarlyndi þarf að vera til staðar í öllu samfélagit. Reykjavíkurborg mun halda áfram að fjölga íbúðum og húsum til leigu fyrir heimilislaust fólk sem hefur sótt um húsnæði til leigu og er tilbúið til að halda heimili með einstaklingsbundnum stuðningi, það er mikilvægt fyrir þá Reykvíkinga sem um ræðir, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt. Það að koma upp smáhýsum í borginni er liður í þessu mikilvæga verkefni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Val á staðsetningu fyrir smáhýsi hefur gengið mjög brösuglega. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss telja gríðarlega mikilvægt að kynna valkosti betur fyrir íbúum þeirra hverfa í Reykjavík þar sem fyrirhugað er að koma fyrir smáhýsum. Mikilvægt er að þessi úrræði séu í samráði og betri sátt við nærumhverfið og betur sé vandað til allrar